

Samningur

Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) og Landspítala (LSH) um samvinnu vegna tilfærslu verkefna frá LSH til HSS

Á grundvelli laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu gera Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) kt. 511297-2819 annars vegar og Landspítali (LSH) kt. 500300-2130 hins vegar, með sér svofellt samkomulag um tilfærslu verkefna frá LSH. Samkomulagið er í samræmi við tilmæli heilbrigðisráðuneytis vegna viðbótarfjármuna í fjárlögum ársins 2008, um að styrkja núverandi rekstur heilbrigðisstofnana á suðvesturhorninu og gera þeim kleift að taka við auknum verkefnum.

Markmið

Með samningi þessum áforma aðilar að stuðla að betri nýtingu fagþekkingar á báðum stofnunum, að heilbrigðisþjónusta verði veitt í ríkari mæli í heimabyggð og að auka rafræn samskipti milli heilbrigðisstofnana.

Forsendur

Samkomulagið tekur mið af lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og fjárlögum ársins 2008. Lögð er áhersla á að einstaklingar njóti bestu heilbrigðisþjónustu sem næst heimili eða dvalarstað þeirra.

Á hverjum degi leitar fjöldi sjúklinga til LSH vegna margvíslegra bráðavandamála. Sjúklingar þurfa mislangan tíma til að ná sér eftir bráð veikindi og hafa aldrei meiri þörf fyrir endurhæfingu að bráðameðferð lokinni en aðrir sjúklingar. Brýnt er að hafa alltaf næg rými tiltæk fyrir bráðþjónustu spítalans, en LSH er aðalsjúkrahús landsins og umdæmissjúkrahús höfuðborgarsvæðisins.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er umdæmissjúkrahús Suðurnesja og hefur hug á að auka þjónustu sína sérstaklega á sviði endurhæfingar og almennra lyflækninga sem og í skurðlækningum og fæðingarhjálp í samræmi við framtíðarsýn stofnunarinnar og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. HSS hefur undanfarin ár leitast við að taka alla sjúklinga af Suðurnesjum af LSH, unga sem aldna, eins fljótt og ástand þeirra leyfir og hefur það almennt gengið vel.

Framkvæmd

Samkomulag er um að haga samstarfinu með eftirfarandi hætti:

Gert er ráð fyrir að efling bráðþjónustu HSS undanfarin ár, sérlega á sviði lyflækninga, dragi áfram úr flutningum sjúklinga frá Suðurnesjum til LSH. Einnig er gert ráð fyrir að HSS annist sjúklinga með lögheimili á Suðurnesjum sem þurfa á líknandi meðferð að halda eða bíða eftir hjúkrunarrými á sjúkrahúsi.

1. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mun áfram taka við hjarta- og lungnasjúklingum sem liggja á LSH og hafa hlotið bráðameðferð þar en eru komnir á stig endurhæfingar.

Frekari meðferð og/eða endurhæfing fari fram á HSS. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi endurhæfingarrými á HSS er í höndum innlagnar- og útskriftarteymis HSS og útskriftarteymis LSH.

2. HSS veitir öldruðum sjúklingum af Suðurnesjum endurhæfingu eftir að þeir hafa leitað til LSH þegar greiningu og bráðameðferð er lokið eins og verið hefur. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi endurhæfingarrými á HSS er í höndum innlagnar- og útskriftarteymis HSS og útskriftarteymis LSH.
3. HSS mun taka við sjúklingum af Suðurnesjum frá LSH sem þurfa meðferð vegna krónískra verkja og eftir atvikum öðrum sjúklingum. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi legurými á HSS er í höndum innlagnar- og útskriftarteymis HSS og útskriftarteymis LSH.
4. HSS stefnir að því að gera samning við krabbameinsdeild LSH um að taka við hluta krabbameinslyfjameðferðar Suðurnesjabúa sem annars færi fram á LSH. HSS hefur nú þegar gert ráðstafanir til að útvega starfsfólk og útbúa aðstæður til þessa.
5. HSS mun auka þjónustu sína á sviði barna- og unglíngageðlækninga eftir getu þannig að dragi úr innlögnum á BUGL. LSH mun veita faglega ráðgjöf og stuðning varðandi þjónustu á sviði barna- og unglíngageðlækninga. Mótaðar verða verklagsreglur þar að lútandi og tilnefndir tengiliðir af hálfu beggja aðila.
6. HSS tekur við sjúklingum af Suðurnesjum sem liggja á LSH vegna ýmissa sjúkdóma sem þurfa langtíma sýklalyfjameðferð eftir að greiningu og bráðameðferð er lokið á LSH og eftir atvikum öðrum sjúklingum. Hér er einkum átt við sjúkdóma svo sem hjartabólgu án fylgikvilla, ígerðir í lungum (lungna abcess) og sýkingar í beinum (osteomyelitis). Ákvörðun um að bjóða einstaklingi legurými á HSS er í höndum innlagnar- og útskriftarteymis HSS og útskriftarteymis LSH.
7. HSS mun taka við öðrum sjúklingum en þeim sem eru frá Suðurnesjum eftir því sem rými er til og vilji af hálfu sjúklinga sem liggja á LSH sem lokið hafa bráðameðferð og bíða úrræða vegna vistunar eða endurhæfingar. Ákvörðun um að bjóða einstaklingi legurými á HSS er í höndum innlagnar- og útskriftarteymis HSS og útskriftarteymis LSH.
8. Sumarstarfsemi HSS og LSH skal samrýmd með samráðsfundum framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar með það að markmiði að nýta sjúkrarými beggja stofnana sem best og draga úr álagi á LSH við samdrátt í starfsemi HSS vegna sumarleyfa. Áætlun um sumarstarfsemi HSS og LSH og samráðsferli skal lokið fyrir 15. febrúar 2008.
9. Markvisst verður unnið að tengingu HSS við Ljóra (rafrænan glugga LSH) til að auðvelda flæði upplýsinga um sjúklinga sem fá þjónustu á HSS og LSH. Þar til tenging hefur komist á skulu einstaklingar sem leggjast inn á HSS frá LSH hafa meðferðis sjúkraskýrslu sem inniheldur sjúkrasögu og niðurstöður nýjustu rannsókna. Læknar og hjúkrunarfræðingar HSS munu geta leitað til kollega sinna á LSH og öfugt hvenær sem er varðandi mál þeirra sjúklinga sem flust hafa milli stofnananna.

10. Geti einstaklingur sem dvelur á HSS í endurhæfingu eftir flutning frá LSH ekki útskrifast skal hann njóta sömu úrræða og falla undir sömu reglur um val á hjúkrunarheimili og fólk sem dvelur á LSH.
11. Faglegur og rekstrarlegur árangur af þessu fyrirkomulagi skal metinn ársfjórðungslega, í fyrsta skipti í byrjun apríl 2008 og síðan á þriggja mánaða fresti. Niðurstöðum úr mati skal skilað til heilbrigðisráðuneytis eigi síðar en 15. apríl, 15. júlí, 15. október 2008 og 15. janúar 2009. Brugðist verði við frávikum frá rekstraráætlun/fjárlögum í samráði við heilbrigðisráðuneytið.

Samningur þessi tekur gildi 21. janúar 2008 og gildir til loka ársins 2008.

Reykjavík, 21. janúar 2008

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

F.h. Landspítala

Sigríður Snæbjörnsdóttir
forstjóri

Magnús Pétursson
forstjóri

Staðfesting heilbrigðisráðuneytis

Guðlaugur Þór Þórðarson
ráðherra